

REGLUGERÐ

um þóknun til skoðunarmanna skipa og báta o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um þóknun fyrir skipa- og bátaskoðanir, framkvæmdar af hin- um lögskipuðu skipaskoðunarmönnum.

1. gr.

Fyrir skoðun á skipi eða bát, ber útgerðarmanni að greiða skipaskoðunarmönn- um gjald svo sem hér fer á eftir:

A. Fyrir skip sem ganga með vélaafli:

Minni en 12 rúmlestir	kr.	15.00
12—30 —	kr. 1.00 af rúmlest minnsta gjald	— 20.00
30—50 —	— 0.90 — — — —	— 30.00
50—100 —	— 0.85 — — — —	— 45.00
100—200 —	— 0.80 — — — —	— 85.00
200—500 —	— 0.70 — — — —	— 160.00
500—1000 —	— 0.60 — — — —	— 350.00
1000—2000 —	— 0.45 — — — —	— 600.00
2000—4000 —	— 0.25 — — — —	— 900.00
4000 og þar yfir	— 0.20 — — — —	— 1000.00

B. Seglskip:

Minni en 50 rúmlestir	kr.	15.00
50—200 —	kr. 0.30 af rúmlest minnsta gjald	— 15.00
200—700 —	— 0.20 — — — —	— 60.00
700 —	— 0.15 — — — —	— 140.00

C. Opnir bátar með vél:

Fyrir hvern bát kr. 8.00.

D. Opnir bátar:

Fyrir hvern bát kr. 4.00.

Fyrir skoðun á skruföxli, þegar hún er ekki framkvæmd um leið og venjuleg aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél undir 50 hestöfl	kr.	10.00
— — — frá 50—100 hestöfl	—	15.00
— — — — 100—200 —	—	20.00
— — — — 200—500 —	—	30.00
— — — — 500—1000 —	—	40.00
— — — — 1000 — og þar yfir	—	60.00

Fyrir skoðun á eimkatli, þegar hún er ekki framkvæmd um leið og aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél undir 100 hestöfl	kr.	25.00
— — — frá 100—200 hestöfl	—	30.00
— — — — 200—400 —	—	40.00
— — — — 400—800 —	—	50.00
— — — — 800—1200 —	—	60.00
— — — — 1200 — og þar yfir	—	75.00

Nú er skoðunarmaður kvaddur til að skoða skip, en ekki er hægt að byrja á skoðuninni af ástæðum, sem eru skoðunarmanninum óviðkomandi, og greiði þá útgerðarmaður hálf tæðunargjald, ásamt ferðakostnaði, sé um hann að ræða. Þó greiði útgerðarmaður ekki ferðakostnað hafi skipaskoðunarmaður framkvæmt skoðun á öðrum skipum í sömu ferð. 15. apríl

Purfi skoðunarmaður að fara fleiri en tvær ferðir til að skoða sama skip skal útgerðarmaður greiða honum kr. 5.00 fyrir hverja ferð fram yfir tvær, og ferðakostnað, sé um hann að ræða.

Fyrir flokkuð skip er gjaldið helmingi minna en tekið er fram í A og B, haldi skipið flokki er skoðun fer fram.

Fyrir fyrstu aðalskoðun á flokkuðu skipi, hvort heldur það er nýsmíðað eða gamalt, er gjaldið það sama og fyrir venjulega aðalskoðun á óflokkuðu skipi.

Fyrir nýsmíðað skip, og skip sem fengið hafa aðalviðgerð, er gjaldið 50% meira en um getur í A, B og C.

Sé skipið aðeins skoðað að nokkru leyti, greiðist gjaldið að tiltölu, og ákveður lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri þá gjaldið eftir ástæðum.

Skoðunarmenn skulu fá ferðakostnað sinn endurgoldinn og ennfremur 6 krónur á dag í fæðispeninga, sé skoðunin gerð 8 kílómetra frá heimili þeirra. Ríkissjóður greiðir þennan kostnað.

Fyrir yfirskoðun skal greiða eftir reikningi, sem lögreglustjóri samþykkir.

Láti yfirlögin gera sérstaka skoðun, sbr. 158. gr. tilskipunar nr. 43, 20. nóv. 1922, greiðir útgerðarstjóri kostnaðinn, ef skipaskoðunarmennirnir úrskurða, að skipið þurfi nauðsynlegra umbóta við, áður en það leggur úr höfn.

Að öðrum kosti greiðir ríkissjóður skoðunarkostnaðinn.

2. gr.

Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkja greiðir útgerðarmaður skipsins skoðunarmönnum þessi gjöld:

Stærð skipsins:

Minni en 300 rúmllestir		kr. 100.00
300—1000	—	— 150.00
1000—2000	—	— 220.00
2000—3000	—	— 290.00
3000—4000	—	— 360.00
4000	— og þar yfir	— 440.00

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskirteinis greiðist 50 króna gjald. Sama gjald greiðist fyrir hleðslumerkjaskirteini sem gefið er út eftir hleðslumerkjaskirteini frá erlendu stjórnarvaldi, eða viðurkenndu flokkunarfélagi, og skal gjald þetta renna í ríkissjóð.

Fyrir framlengingu gildistíma hleðslumerkjaskirteinis, eða fyrir endurnýjun á skirteini sem glatað er eða ónýtt, greiðist ekkert gjald.

Fyrir skoðun á skipi vegna framlengingar eða endurnýjunar á hleðslumerkjaskirteininu, greiðist skoðunarmanni kr. 30.00.

3. gr.

Fyrir endurskoðun á smíðauppráttum skipa, samkvæmt 3. gr. reglna um smíði tréskipa frá 22. september 1936, skal greiða:

Fyrir smíðaupprætti af skipum undir 10 rúml.		10 krónur
— — — — 10—70	—	30 —
— — — — 70—200	—	75 —

- 56 Fyrir eftirlit með smíði tréskipa, samkvæmt 4. gr. sömu reglugerðar, ber skips-
15. apríl eiganda eða smíðameistara að greiða eftirlitsmanni:

Skip með þilfari undir 10 rúml.	100 krónur
— — — 10—30 —	150 —
— — — 30—70 —	200 —
— — — 70—200 —	250 —

Ferðakostnaður vegna smíðaeftirlitsins greiðist af ferðakostnaðarfé skipaskoðunarinnar.

4. gr.

Með þessari reglugerð er reglugerð frá 7. janúar 1930 um þóknun til skoðunarmanna skipa og báta o. fl. numin úr gildi.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

57

15. apríl

BYGGINGASAMÞYKKT

fyrir Húsavíkurkaupþún.

I. KAFLI

Verksvið samþykktar og stjórn byggingamála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Húsavíkurkaupþún, innan þess svæðis, er skipulagsuppráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar bygginganefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafist breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Bygginganefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingamála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingaleyfi, sem bygginganefnd hefir samþykkt, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því, er bygginganefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingaleyfi án samþykkis bygginganefndar.

Bygginganefnd gerir tillögu um öll byggingaleyfi og hefir umsjón þess, að byggingasamþykktinni sé fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar eða bygginganefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.